

Stuðboltarnir

5. fundur

Nemendafulltrúaráð 1.-10. bekkja Fundur 24. maí 2017

Mættir voru nemendafulltrúar úr 1.-9. bekk. 10. bekkur var í vorferð.

1. Fundarstjóri bauð nemendafulltrúa velkomna á síðasta fund vetrarins.
2. Guðbjörg M. Sveinsdóttir var með skilaboð frá fulltrúum Skólamatar sem sögðust vera mjög ánægð að fá ábendingar varðandi matseðlana þeirra. Grunnskóli Grindavíkur er eini skólinn sem þeir þjónusta sem kemur með ábendingar er varðar matinn og þeir hafa tekið ýmislegt til greina af þeim ábendingum. Þeir eru búnir að taka inn þær nýjungar fyrir næsta vetur að bjóða upp á kjúklingasalát og ætla einnig að hafa kokteilssósu með kjúklingaréttum eins og kom fram í beiðni Stuðbolta í vetur. Þessar breytingar verða gerðar hjá öllum þeim skólum sem Skólamatur þjónustar þannig að Stuðboltarnir hafa töluverð áhrif á matseðla annarra skóla líka.
3. Önnur mál: Það kom fyrirspurn frá einum Stuðbolta hvort það væriúið að opna fyrir Snap Chat og hann sagði að nemendur væru inni á Snap Chat gegnum starfsmannaáðgang skólans. Guðbjörg svaraði því að svo væri ekki því starfsmenn jafnt og nemendur hafa ekki áðgang að Snap Chat í Grunnskóla Grindavíkur.
4. Að lokum var Stuðboltum var boðið upp á dýrindis súkkulaðiköku fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki gert og fundi slitið,

Guðrún Inga Bragadóttir